

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Hagalands í Sveitarfélaginu Árborg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 23. mars 2006 tillögu að deiliskipulagi Hagalands, Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 25. ágúst 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. september til og með 6. október 2005 með athugasemdafresti til og með 20. október 2005.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 12. maí 2006.*

**Bárður Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.